

Íslenska sem annað tungumál hæfniviðmið fyrir byrjendur (þrep 1)

HLUSTUN OG TALAD MÁL

Í lok þrepsins getur nemandi:

- Skilið algeng orð og einfaldar setningar og brugðist við þeim.
- Spurt og svarað einföldum, algengum spurningum um kunnug málefni og sjálfan sig.
- Spurt og beðið um útskýringar, m.a. á einstökum orðum og orðatiltækjum.
- Tekið þátt í einföldu samtali.
- Borið fram helstu máhljóð í íslensku og talað með nokkuð skýrum framburði.

LESTUR, BÓKMENNTIR OG RITUN

Í lok þrepsins getur nemandi:

- Lesið og skilið stuttan og einfaldan texta og leitað eftir aðstoð ef hann skilur ekki.
- Lesið og miðlað bókmenntum á móðurmáli sínu og nýtt þá reynslu við lestur á íslenskum barnabókum miðað við aldur og forsendur nemandans í móðurmáli.
- Notað íslenskt stafróf og tengt saman staf og hljóð.
- Beitt einföldum reglum um stafsetningu og málfræði.
- Skrifað stutta, einfalda frásögn, lýsingu eða skilaboð.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í einfalda orðaleiki.

Íslenska sem annað tungumál hæfniviðmið fyrir byrjendur (þrep 2)

HLUSTUN OG TALAD MÁL

Í lok þrepsins getur nemandi:

- Lýst fjölskyldu sinni og öðru fólki á einfaldan hátt, sagt frá búseti sinni, námi, nánasta umhverfi o.þ.h.
- Skilið aðalatriðin í stuttum, skýrum og einföldum skilaboðum og tilkynningum.
- Spurt og svarað einföldum spurningum sem tengjast einstökum námsgreinum eða námsefni með aðstoð.
- Tekið þátt í samtali á félagslegum vettvangi, jafnvel þótt hann skilji ekki nóg til að halda samræðum gangandi sjálfur.
- Borið fram íslensk máhljóð á nokkuð réttan hátt.

LESTUR, BÓKMENNTIR OG RITUN

Í lok þrepsins getur nemandi:

- Lesið stutta og einfalda texta sér til gagns og ánægju, svo sem stuttar sögur og umfjöllun um áhugavert efni. Getur fundið tilteknar, fyrirsjáanlegar upplýsingar í einföldu efni, t.d. í auglýsingum, kynningarbæklingum, matseðlum o.þ.h.
- Lesið auðlesnar íslenskar barnabókmenntir og bókmenntir á móðurmáli sínu og tjáð sig um þær út frá eigin forsendum.
- Stafsett nokkuð rétt léttan texta og nýtt sér nokkrar meginreglur stafsetningar.
- Skrifað einfalda sögu, frásögn, bréf, minnismiða eða skilaboð á skiljanlegu máli.

- Tekið nokkuð virkan þátt í samvinnu með skólafélögum og átt í einföldum samræðum og orðaskiptum um verkefnið.
- Notað aðgengileg gögn sér til aðstoðar við lestur og ritun, svo sem orðabækur og rafræn hjálpargögn.

Íslenska sem annað tungumál hæfniviðmið fyrir lengra komna (þrep 3)

HLUSTUN OG TALAD MÁL

Í lok þrepsins getur nemandi:

- Tekið þátt í samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á.
- Skilið aðalatriðin um efni sem hann þekkir eða málefni líðandi stundar.
- Rökstutt stuttlega og útskýrt ákvarðanir hans og fyrirætlanir.
- Tekist á við flestar aðstæður sem geta komið upp í daglegu lífi og samskiptum.
- Borið fram íslenskt mál á nokkuð réttan hátt.
- Lýst atvikum, persónum og hlutum og endursagt einfaldan texta sem hann hefur lesið eða kvikmynd sem hann hefur séð og lýst viðbrögðum sínum.

LESTUR, BÓKMENNTIR OG RITUN

Í lok þrepsins getur nemandi:

- Lesið einfalda texta sér til gagns og ánægju og skilið lýsingar á atburðum, tilfinningum og óskum.
- Lesið auðlesnar íslenskar barnabókmenntir og bókmenntir á móðurmáli sínu og tjáð sig um þær á einfaldan hátt.
- Stafsett nokkuð rétt léttan texta og nýtt sér meginreglur stafsetningar og málfræði.
- Skrifað sögu eða greinargerð á skiljanlegu máli.
- Tekið virkan þátt í samvinnu með skólafélögum og átt í einföldum samræðum og orðaskiptum um verkefnið.
- Notað aðgengileg gögn sér til aðstoðar við lestur og ritun, svo sem orðabækur og rafræn hjálpargögn.

Íslenska sem annað tungumál hæfniviðmið fyrir lengra komna (þrep 4)

HLUSTUN OG TALAD MÁL

Í lok þrepsins getur nemandi:

- Fylgst með rökræðum um viðfangsefni og lagt fram einfaldar tillögur.
- Hlustað á sögu eða annan texta, endursagt efni hans í stuttu máli.
- Tekið þátt í samræðum af nokkru öryggi og án mikillar umhugsunar, gert grein fyrir og haldið sínum skoðunum á lofti.
- Beitt málfari og málhegðun sem hæfir stað og stund og tekur tillit til viðmælanda.
- Borið fram íslenskt málhjóð og hljóðasambönd og notað íslenskar áherslur og hrynjanda að hluta.

LESTUR, BÓKMENNTIR OG RITUN**Í lok þrepsins getur nemandi:**

- Valið og lesið sér til ánægju og fróðleiks margvíslegt efni á íslensku í samræmi við aldur, t.d. greinar og fréttir sem tengjast vandamálum samtímans eða samtímabókmenntir. Nýtt sér orðabækur og vefefni sér til stuðnings.
- Valið sér bókmenntir, á íslensku og á móðurmáli sínu sem hæfa aldri og áhuga og getu.
- Stafsett og gengið frá texta nokkurn veginn í samræmi við íslenskar reglur.
- Dregið saman aðalatriði eða viðeigandi upplýsingar úr texta um kunnulegt efni.
- Skrifað ritgerðir, skýrslur og frásagnir og átt samskipti með tölvu.
- Nýtt sér íslenskar vefsíður til fróðleiks og ánægju.

Íslenska sem annað tungumál hæfniviðmið fyrir lengst komna (þrep 5)**HLUSTUN OG TALAD MÁL****Í lok þrepsins getur nemandi:**

- Tekið þátt í umræðum og rökræðum um viðfangsefni og lagt fram tillögur. Tjáð sig af öryggi og án mikillar umhugsunar eða orðaleitar
- Hlustað á sögu, málflutning, texta eða annað efni, endursagt í stuttu máli og túlkað.
- Sett fram hugmyndir sínar og skoðanir af nákvæmni og komið þeim kunnáttusamlega til annarra, gefið skýrar, nákvæmar lýsingar á flóknum málefnum í mörgum liðum
- Beitt málfari og málhegðun sem hæfir stað og stund og tekur tillit til viðmælanda.
- Borið fram íslenskt málhljóð og hljóðasambönd og notað íslenskar áherslur og hrynjanda að einhverju leyti.

LESTUR, BÓKMENNTIR OG RITUN**Í lok þrepsins getur nemandi:**

- Valið og lesið sér til ánægju og fróðleiks margvíslegt efni á íslensku og nýtt fjölbreytt hjálpargögn sem skýra orð og orðasambönd.
- Valið sér bókmenntir sem hæfa aldri og áhuga, skilið þær, túlkað og notið.
- Stafsett og gengið frá texta í samræmi við íslenskar reglur í stafsetningu og málfræði og notað orðabækur og vefefni sér til stuðnings. Sér til stuðnings.
- Dregið saman aðalatriði eða viðeigandi upplýsingar úr texta.
- Skrifað ritgerðir, skýrslur og frásagnir og átt samskipti með tölvu og valið stíl og málsnið eftir lesanda, efni og tilefni.
- Nýtt sér íslenskar vefsíður til fróðleiks og ánægju.

Íslenska sem annað tungumál hæfniviðmið fyrir lengst komna (þrep 6)**HLUSTUN OG TALAD MÁL****Í lok þrepsins getur nemandi:**

- Auðveldlega tekið þátt í umræðum og rökræðum um viðfangsefni og lagt fram tillögur. Tjáð sig af öryggi og komið finni merkingatilbrigðum til skila.
- Skilið íslenskt mál að mestu.

- Sett fram hugmyndir sínar og skoðanir af nákvæmni og komið þeim kunnáttusamlega til annarra og notað málið á áhrifaríkan hátt til að hjálpa þeim sem hlusta að taka eftir.
- Beitt málfari og málhegðun sem hæfir stað og stund og tekur tillit til viðmælanda.
- Borið fram íslenskt málhjóð og hljóðasambönd og notað íslenskar áherslur og hrynjanda að mestu leyti.

LESTUR, BÓKMENNTIR OG RITUN

Í lok þrepsins getur nemandi:

- Valið og lesið sér til ánægju og fróðleiks flest efni á íslensku og nýtt fjölbreytt hjálpargögn sem skýra orð og orðasambönd. Þekkt algengustu orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu.
- Valið sér bókmenntir sem hæfa aldri og áhuga, skilið þær, túlkað og notið.
- Stafsett og gengið frá texta í samræmi við íslenskar reglur í stafsetningu og málfræði og notað orðabækur og vefefni sér til stuðnings.
- Dregið saman aðalatriði eða viðeigandi upplýsingar úr texta.
- Skrifað ritgerðir, skýrslur og frásagnir og átt samskipti með tölvu og valið stíl og málsnið eftir lesanda, efni og tilefni.
- Nýtt sér íslenskar vefsíður til fróðleiks og ánægju.